

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson og Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Guðmund Bjarnason frá Íbúðalánasjóði, Guðrúnu Árnadóttur frá Reykjavíkurborg, Gunnar Jónatansson frá Búseta og Baldvin Ólason frá Félagsstofnun stúdenta.

Með frumvarpinu er lagt til að í stað varasjóðs verði komið á fót varasjóði húsnæðismála sem verði í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga en verði rekinn sem sjálfstæð rekstrareining undir yfirumsýslu félagsmálaráðherra. Varasjóður húsnæðismála tekur yfir allar eignir, réttindi og skyldur varasjóðs, skv. X. kafla laganna um varasjóð og ákvæði til bráðabirgða VIII, sem er lagður niður. Þá skal varasjóður húsnæðismála hafa umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla þar til hlutverki hans telst lokið skv. 53. gr. laganna. Jafnframt er varasjóði húsnæðismála ætlað að veita annars vegar rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem staðið hafa lengi auðar og hins vegar framlög til sveitarfélaga til að greiða fyrir innlausn félagslegra eignar- og leiguíbúða og sölu þeirra á almennum markaði. Í frumvarpinu er enn fremur mælt fyrir um hlutverk ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála en nefndin skal skipuð með líkum hætti og núverandi stjórn varasjóðs. Þá hefur frumvarpið að geyma heimild til stjórnar Íbúðalánasjóðs að fengnum tillögum varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélög til að afskrifa að hluta eða öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sem ekki verður leigð út vegna slæms ástands, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði heimilt að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti félagslegra íbúða innan viðkomandi sveitarfélags.

Nefndin telur rétt að samkomulag félagsmála- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 4. apríl 2002 fylgi álitinu þessu til frekari skýringa á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru allar smávægilegar og lúta annars vegar að orðalagi og hins vegar að tilvísunum í lagagreinar.

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir,
form., frsm.

Magnús Stefánsson.

Kristján Pálsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jónína Bjartmarz.

Pétur H. Blöndal,
með fyrirvara.

Ásta R. Jóhannesdóttir,
með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon,
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Samkomulag félagsmála- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. (4. apríl 2002.)

Félags- og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér eftirfarandi samkomulag:

Að verkefni Varasjóðs viðbótarlána, sbr. X. kafli og bráðabirgðaákvæði VIII laga um húsnæðismál nr. 44/1998, verði m.a. eftirtalin:

1. Að taka þátt í niðurgreiðslu áhvílandi lána félagslegra eignar- og leiguíbúða sveitarfélaga við sölu þeirra á almennum markaði í þeim tilfellum þegar innlausnarverð íbúða stendur ekki undir uppgreiðslu áhvílandi lána Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis VIII í lögum um húsnæðismál. Allt að 70 m.kr. verði árlega varið til þessa verkefnis í fimm ár. Heimilt er að nýta óráðstafað fjármagn samkvæmt 2. tölulið í þessu skyni.
2. Að veita framlög til sveitarfélaga sem glíma við rekstrarvanda félagslegs leiguhúsnæðis vegna mikils fjölda íbúða og/eða íbúða sem lengi hafa staðið auðar. Allt að 70 m.kr. verði árlega varið til þessa verkefnis í fimm ár. Heimilt er að nýta óráðstafað fjármagn samkvæmt 1. tölulið í þessu skyni.

3. Að koma með tillögur, í samráði við viðkomandi sveitarfélög og Íbúðalánasjóð, um afskrift þeirra félagslegra íbúða sem svo er ástatt um að ekki verða leigðar út vegna slæms ástands og fara til niðurrifs þar sem ekki er talið hagkvæmt að endurbyggja þær að mati sérfróðra matsmanna og í ljósi stöðu á fasteignamarkaði viðkomandi sveitarfélags. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu þessara afskrifta. Íbúðalánasjóði verði heimilað að afskrifa allt að 40 m.kr. árlega vegna þessa verkefnis á móti jafnhárrí upphæð frá viðkomandi sveitarfélögum.
4. Umsýsla með tryggingafé vegna viðbótarlána, sbr. X kafli laga um húsnæðismál.
5. Réttindi og skyldur Tryggingarsjóðs byggingargalla, sbr. 2. mgr. VIII. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál.

Að fjármögnun verkefna samkvæmt tölulíðum 1 og lið 2 verði með eftirfarandi hætti:

- Að ríkissjóður greiði árlega 60 m.kr. í fimm ár. Önnur framlög ríkissjóðs til Varasjóðs viðbótarlána falla þar með niður.
- Að úr Tryggingarsjóði vegna byggingagalla, sbr. bráðabirðgaákvæði VIII í lögum um húsnæðismál, renni árlega 60 m.kr.
- Að sveitarfélög greiði á rlega samtals 20 m.kr. H lutdeild hv ers sveitarfélags í fjárhæðinni byggist á íbúafjölda þeirra. Framlög sveitarfélaganna innheimtir Varasjóður viðbótarlána með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samtímis fellur niður skylda sveitarfélaga að greiða til Varasjóðs viðbótarlána hagnað af sölu innlausnaríbúða, sbr. 2. tölul. bráðabirgðaákvæðis VIII í lögum um húsnæðismál.

Samkomulag þetta er til fimm ára og tekur því til árana 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006.

Reykjavík, 4. apríl 2002.

Páll Pétursson,
félagsmálaráðherra.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,
formaður stjórnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Geir H. Haarde,
fjármálaráðherra.

Þórður Skúlason,
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fylgiskjal með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál,
dags 4. apríl 2002.

(í millj. kr.)

	Ár 1 2002	Ár 2 2003	Ár 3 2004	Ár 4 2005	Ár 5 2006	Samtals
Verkefni 1: Sala íbúða						
Ríki	30	30	30	30	30	150
Sveitarfélög/Jöfnunarsjóður	20	20	20	20	20	100
Sjóður v/byggingargalla	20	20	20	20	20	100
Samtals	70	70	70	70	70	350
Verkefni 2: Rekstur á leiguhúsnæði						
Ríki	30	30	30	30	30	150
Sjóður v/byggingargalla	40	40	40	40	40	200
Samtals	70	70	70	70	70	350
Samtals	140	140	140	140	140	700
Ríki	60	60	60	60	60	300
Sveitarfélög/Jöfnunarsjóður	20	20	20	20	20	100
Sjóður v/byggingargalla	60	60	60	60	60	300
Verkefni 3: Afskrift íbúða						
Íbúðalánasjóður, allt að	40	40	40	40	40	200
Mótframlag viðk. sveitarfélaga, allt að	40	40	40	40	40	200